

---

# Sjálfbærniverkefnið á Austurlandi

## Úrvinnsla í rýni Dr. Harðar Haraldssonar

Kjartan Páll Þórarinsson

Uppsetning: Þekkingarnet Þingeyinga

Yfirlstur: Aðalsteinn J. Halldórsson, Óli Halldórsson

---

## 1. Tilgangur

Á vordögum 2012 var leitað til Dr. Harðar Haraldssonar um að rýna í Sjálfbærni-verkefni Alcoa og Landsvirkjunar. Úr þeirri rýni vann Kjartan Páll Þórarinsson frá Þekkingarneti Þingeyinga tvo aðgerðarlista sem lagðir voru fyrir stýrihóp verkefnisins. Listi númer 1 var þannig unnin að umsjónaraðili verkefnis (Þekkingarnet Þingeyinga) gat unnið úr honum án aðkomu annarra aðila. Listi númer 2 var þannig gerður að hann kallaði á víðtækara samráð og verður unnið úr honum síðar.

Á stýrihópsfundi Sjálfbærni-verkefnisins þann 4. október 2012 var samþykkt samhljóða að listi númer 1 yrði unnin fyrir 1. janúar 2013. Eftirfarandi greinargerð er afrakstur þeirrar úrvinnslu.

## 2. Vinnulistinn


Eftirfarandi vinnulisti var samþykktur til úrvinnslu á stýrihópsfundi þann 4. október.

### Listi 1

1. Setja fram stjórnskipulag verkefnisins og gera aðgengilegt á sjalfbaerni.is
2. Tilgreina hagsmunaaðila og skilgreina hlutverk þeirra (virkur, hlutlaus, óvirkur). Vinna samantekt eða skjal sem sett er á vefinn.
3. Gera skýra skilgreiningu á því hvaða vísar eru tengdir aðgerðum og hvaða vísar eru tengdir vöktun.
4. Skýra tengingar á milli vísa og aðgerða/stjórnunartækja og þátttakenda. Við hvern vísi mætti setja haus/eða bæta í „forsenda fyrir vali“ þar sem gert er grein fyrir tengslunum.
5. Skilgreina hvaða hópar eiga að taka á móti niðurstöðum og hverjir eiga að nýta þær. Hér er hægt að styðjast við hópavinnu síðasta ársfundar þar sem að spurt var: „Hverjir eiga að geta nýtt sér niðurstöður mælinga í sjálfbærnaverkefninu“ ?
6. Skilgreina betur þátttöku og aðkomu hagsmunaaðila og af hverju þeir eiga aðild að verkefninu. Hér mætti líta til eftirfarandi kafla á vefnum og uppfæra hann og vinna betur.  
<http://www.sjalfbaerni.is/sjalfbaerniverkefnin/samstarfid/fyrirtaekin/>
7. Skerpa á skilgreiningu á tilgangi og stefnumiðum lykilaðila.

### 3. Úrvinnsla verkefnalista

#### 1. Setja fram stjórnskipulag verkefnisins og gera aðgengilegt á sjálfbærni.is



2. Tilgreina hagsmunaaðila og skilgreina hlutverk þeirra í verkefninu. (virkur, hlutlaus, óvirkur). Vinna samantekt eða skjal sem sett er á vefinn.

### Virkir hagsmunaaðilar

- **Alcoa Fjarðaál** = Virkur þátttakandi - Er með álver starfrækt á Reyðarfirði og getur haft bein áhrif með starfsemi sinni. Eiga aðila í stýrihóp.
- **Landsvirkjun** = Virkur þátttakandi – Á Kárahnjúkavirkjun og getur haft bein áhrif með starfsemi sinni. Eiga aðila í stýrihóp.
- **Landvernd** = Virkur þátttakandi – fulltrúi Landverndar situr í stýrihóp verkefnis. Landvernd eru frjáls félagasamtök sem hefur það að markmiði að standa vörð um íslenska náttúru. Bein ítök Landverndar eru í sjálfu sér ekki mikil en geta beitt þrýstingi í gegnum fjölmiðla og á opinberum vettvangi. Eiga aðila í stýrihóp.
- **Sveitarfélögin á framkvæmdasvæði** = Virkir þátttakendur – Eigendur verkefnisins starfrækja sinn rekstur í Fljótsdalshéraði og í Fjarðabyggð. Geta haft áhrif í gegnum skipulagsmál, ýmis gjöld og almenna samninga við Alcoa og LV. Eiga aðila í stýrihóp.
- **Ráðgjafi/verkefnisstjóri (ÞÞ)** – Virkur þátttakandi. Situr fundi stýrihóps, hefur frumkvæði í verkefninu.

Eftirfarandi aðilar hafa það sameiginlegt að hafa verið virkir þegar verkefnið var sett á laggirnar en eru óvirkir eins og staðan er í dag. Ýmis tækifæri til áhrifa eru til staðar, meðal annars með virkri þátttöku á ársfundi.

- Önnur sveitarfélög í nágrenninu sem ekki eiga aðila í stýrihóp.
- Stoðkerfisstofnanir á Austurlandi (Atvinnuþróun, fullorðinsfræðsla, framhaldsskólar...)
- Íbúar/almennings/fyrirtæki á Austurlandi
- Ríkisstofnanir og ráðuneyti
- Háskólastofnanir og rannsóknastofnanir
- Stéttarfélög
- Landsnet

3. Gera skýra skilgreiningu á því hvaða vísar eru tengdir aðgerðum og hvaða vísar eru tengdir vöktun.

4. Skýra tengingar á milli vísa og aðgerða/stjórnunartækja og þátttakenda. Í aðgerðadálki má sjá hvað er gert til að bregðast við þróun. Við hvern sem aðgerðir eru mögulegar verður því bætt við í „vöktunaráætlun og markmið“ undir mögulegar viðbragðsaðgerðir. <sup>1</sup>

Vísir nr. – Heiti vísis	Vöktun	Aðgerðir	Ef aðgerðir – hvaða?
<b>Samfélagsvísar</b>			
1.1 – Kynjahlutfall í vinnuafli	X	X	Fyrirtækin geta haft stefnu í ráðningarmálum sem miðar að jöfnu kynjahlutfalli.
1.2 – Ánægja starfsfólks	X	X	Fyrirtækin geta haft áhrif á líðan starfsmanna með ýmsum aðgerðum.
1.3 – Öryggi starfsfólks	X	X	Fyrirtækin geta haft áhrif með öryggiskröfum og reglum.
1.4 – Menntun og þjálfun starfsfólks	X	X	Fyrirtækin stjórna því hvernig starfsfólk er þjálfað og menntað á vinnutíma. Fyrirtækin setja menntunarkröfur við ráðningu.
1.5 – Samfélagsleg virkni starfsfólks	X	X	Alcoa og LV hafa td sinnt samfélagslegum verkefnum þar sem starfsmenn vinna í samfélagslegum verkefnum.
1.6 – Íslenskum lögum og reglugerðum fylgt.	X	X	Fyrirtækin fylgja reglugerðum og lögum og geta þannig haft áhrif á hversu mörg brot koma upp.
1.11 – Lýðfræðileg samsetning	X		Vöktun
1.12 – Vinnumarkaðurinn	X	X	a) Fyrirtækin ráða til sín starfsfólk. Starfsfólk getur verið íbúar austurlands, brottfluttir austfirðingar, íslendingar búsettir annarstaðar eða erlendir ríkisborgar.
1.13 – Atvinnuleysi	X		Vöktun
1.14 – Tekjur íbúa	X		Vöktun
1.15 – Fasteignaverð	X		Vöktun
1.16 – Opinber þjónusta í nálægum byggðum	X		Vöktun

<sup>1</sup> T.d. ef að kynjahlutfall er ójafnt á vinnustað, grípa fyrirtækin til aðgerða með því að ráða fleiri einstaklinga af því kyni sem færri eru af).

1.17 – Gæði skóla	X		Vöktun
1.18 – Samfélagsleg velferð	X		Vöktun
1.19 – Viðhorf samfélags til starfsemi Fjarðaáls og Landsvirkjunar	X	X	Fyrirtækin geta unnið að því að ímynd þeirra sé góð með margs konar aðgerðum.
1.20 – Framboð á menningarviðburðum.	X	X	Óbeint – fyrirtækin geta stutt menningarlíf með ýmsum hætti.
<b>Umhverfisvísar</b>			
2.1 – Gæði grunnvatns og yfirborðsvatns við álver	X	X	Mögulegar aðgerðir ef mengun er yfir leyfilegum mörkum.
2.2 – Breytingar á vatnabúskap	X		Vöktun
2.3 – Rennsli fossa	X	X	Leitast er við að hafa rennsli á fossum einsog aðstæður leyfa
2.4 – Rof árbakka Jökulsár á Fljótssdal og Lagarfljóts	X	X	Mögulegar aðgerðir til að bregðast við rofi í árbökkum.
2.5 – Uppsöfnun aurs í Háslóni	X		Vöktun
2.6 – Breytingar á strandlengju Héraðsflóa	X		Vöktun
2.7 – Skerðing víðerna	X		Vöktun
2.8 – Frágangur náma og haugsvæða	X	X	Framkvæmdaaðilar gengu frá efnistökusvæðum.
2.9 – Olíu og efnalekar	X	X	Með öryggisreglum og eftirliti er hægt að hafa áhrif á meðferð olíu og efna.
2.10 – Magn og meðhöndlun úrgangs	X	X	Fyrirtækin geta haft bein áhrif á meðhöndlun úrgangs
2.11 – Hljóðmengun við Fjarðaál og í Reyðarfirði	X	X	Fyrirtækin geta haft bein áhrif með starfsemi sinni
2.12 – Rykmistur	X	X	Ýmsar aðgerðir sem sporna við áfoki.
2.13 – Losun gróðurhúsalofttegunda	X	X	Fyrirtækin hafa bein áhrif með starfsemi sinni með því að losa gróðurhúsalofttegundir. Í rekstri er leitast við að minnka vægi gróðurhúsalofttegunda eins og hægt er.
2.14 – Loftgæði	X	X	Alcoa Fjarðaál getur haft áhrif á þann útblástur sem er vegna starfsemi þeirra.
2.21 – Heiðagæsir	X		Vöktun
2.22 – Varpfluglar á Úthéraði	X		Vöktun
2.23 – Hreindýr	X		Vöktun
2.24 – Mengunarefni í dýralífi sjávar.	X	X	Alcoa Fjarðaál getur haft bein áhrif með starfsemi sinni og starfsháttum.

2.25 – Vatnalíf í Jökulsá á Dal og Lagarfljóti	X		Vöktun
2.25 – Botndýralíf sjávar í Héraðsflóa	X		Vöktun
2.26 – Flúor í gróðri	X	X	Alcoa Fjarðaál getur haft bein áhrif með starfsemi sinni og starfsháttum.
2.28 – Gróður á Vesturöræfum	X	X	Landsvirkjun stendur fyrir aðgerðum til að koma í veg fyrir áfok.
2.29 – Áfok við Háslón	X	X	Landsvirkjun stendur fyrir aðgerðum til að koma í veg fyrir áfok.
2.30 – Uppgræðsla lands	X	X	Landbótasjóðir Norður-Héraðs og Fljótsdalshrepps standa fyrir uppgræðslu við Jöklu og í Fljótsdal.
<b>Efnahagsvísar</b>			
3.1 - Ferðapjónusta	X	X	Í d) lið, fjöldi heimsóknna í Fjarðaál og Fljótsdalsstöð geta fyrirtækin haft bein áhrif. Í öðrum liðum er vaktað
3.2 –Útflutningur Fjarðaáls	X	X	Alcoa Fjarðaál hefur bein áhrif með starfsemi sinni.
3.3 – Efnahagslegur ábati við þjóðarframleiðslu	X	X	Fyrirtækin hafa bein áhrif með starfsemi sinni.
3.4 – Magn vöru og þjónustu framleitt á Íslandi	X	X	Fyrirtækin hafa val um hvert þau beina sínum viðskiptum varðandi vörur og þjónustu.
3.5 – Fjárhagsstaða sveitarfélagana	X		Vöktun

Fyrirtækin = Alcoa Fjarðaál og Landsvirkjun



## 5. Skilgreina hvaða hópar eiga að taka á móti niðurstöðum og hverjir eiga að nýta þær? (byggt á hópavinnu sem unnin var á ársfundi Sjálfbærni-verkefnisins sem haldin var í apríl 2012)

Sjálfbærni-verkefni Alcoa og Landsvirkjunar er unnið með lýðræðislegum og gagnsæjum hætti. Miðpunktur verkefnisins er heimasíðan sjalfbaerni.is. Sú vefsíða er opin öllum og þar geta allir þeir sem áhuga hafa aflað sér upplýsinga um sögu verkefnisins og sjálfbærnimælingarnar. Sjálfbærnimælingarnar eru settar fram í vísunum sem snúa að samfélagi, umhverfi og efnahagi.

### Fyrirtækin

Fyrst og fremst geta fyrirtækin sem standa að verkefninu (Alcoa Fjarðaál og Landsvirkjun) nýtt sér niðurstöður úr verkefninu til að fylgjast með sinni eigin starfsemi og hvort að þau séu að fylgja markmiðum sínum í að vinna í anda sjálfbærar þróunar.

### Fjölmiðlar

Á vefsíðunni sjalfbaerni.is hafa fjölmiðlar aðgang að stóru gagnasafni sem að safnað hefur verið saman á vísindalegan og hlutlausan hátt. Gögnin eru þess eðlis að hægt er að lesa í þau og rýna með opnu hugarfari án þess að viðkomandi sé stýrt inn á eina eða aðra skoðun um stöðu mála. Vísarnir eru uppfærðir jafnt og þétt yfir allt árið og er heimildum safnað saman úr ólíkum áttum.

### Háskólasamfélagið/skólakerfið

Gagnasöfn bjóða upp á það að nánar sé unnið með þau og skoðuð frá mismunandi sjónarhornum. Sjálfbærni er hugtak sem hefur marga snertifleti og má því nálgast viðfangsefnið út frá ólíkum fræðigreinum. Því ætti einnig að vera hægt að tengja sjálfbærnihugtakið inn í verkefni fyrir grunnskóla og framhaldsskóla sem geta tekið þátt í umræðunni og lagt sitt af mörkum.

### Stofnanir

Sjálfbærni-verkefnið er einstakt á heimsvísu þar sem að framkvæmdir Alcoa og Landsvirkjunar á Austurlandi eru settar í heildrænt samhengi og áhrif á efnahag, umhverfi og samfélag eru skoðaðar. Ýmsar stofnanir ættu að geta nýtt sér niðurstöður þá rannsóknarvinnu sem er unnin og haldið er utan um á vefnum sjalfbaerni.is

#### - Byggðastofnun

Byggðarstofnun vinnur að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Austurland er dæmi um landshluta þar sem að fólksfækkun var og atvinnulíf snerist að stórum hluta að sjávarútvegi. Byggðarstofnun vinnur að stefnumótandi byggðaráætlun í samráði við iðnaðarráðherra og ætti sjálfbærni-verkefnið að geta veitt dýrmæta innsýn í þá vinnu.

#### - Umhverfisstofnun

Hefur það hlutverk að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.<sup>2</sup> Umhverfisstofnun sér einnig um gerð reglugerða og umsagnir vegna mats á umhverfisáhrifum og skipulags. Í raun má segja að umhverfisvísar sjálfbærni-verkefnisins tali beint til umhverfisstofnunar.

---

<sup>2</sup> Tekið af vef umhverfisstofnunar. Hlutverk og stefna. <http://www.ust.is/umhverfisstofnun/hlutverk-og-stefna/hlutverk-og-verkefni/>

- **Skipulagsstofnun**

Heyrir undir umhverfisráðherra og fjallar um og veitir ráðgjöf varðandi skipulagsmál, umhverfismat og mat á umhverfisáætlunum.

**Sveitarfélögin**

Starfsemi Alcoa Fjarðaáls á Reiðarfirði tengist Fjarðabyggð beint þar sem að fyrirtækið starfar innan sveitarfélagsins. Þar greiðir það ýmis gjöld og skatta sem og þarf að lúta þeim reglum sem settar eru. Íbúar sveitarfélagsins geta fengið atvinnu hjá Alcoa. Sveitarfélagið leggur til lóð fyrir álverið og tekur því við öllum kostum og göllum sem kunna að fylgja því að hafa starfsemina.

Landsvirkjun starfrækir Fljótsdalsvirkjun sem er innan sveitarfélagana Fljótsdalshéraðs og Fljótsdalshrepps .

Fljótsdalshérað og Fjarðabyggð koma að sjálfbærni-verkefninu með beinum hætti og eiga þau hvort sinn fulltrúa í stýrihóp verkefnisins. Með því að fylgjast með sjálfbærni-verkefni Alcoa og Landsvirkjunar geta sveitarfélögin fylgst grannt með gangi mála og komið að þróun verkefnisins.

Einnig geta önnur sveitarfélög nýtt sér niðurstöður verkefnisins til eigin nota. Verkefnið er dýrmæt heimild um það hvernig smáu samfélagi reiðir af þegar stór aðili kemur í sveitarfélag sem glímdi við fólksfækkun og bauð upp á frekar fábreyttan vinnumarkað.

Nágrannasveitarfélög geta velt fyrir sér hvort áhrif framkvæmdanna séu jákvæð eða neikvæð út frá sjónarhorni síns samfélags.

**Aðrir aðilar sem geta nýtt sér niðurstöður sjálfbærni-verkefnisins:**

- Félagasamtök: Vatnajökulsþjóðgarður, veiðifélög, Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST)...
- Landeigendur
- Stjórnvöld

## 6. Skilgreina betur þátttöku og aðkomu hagsmunaaðila og af hverju þeir eiga aðild að verkefninu.

Sjálfbærni-verkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar var komið á laggirnar árið 2004 í upphafi framkvæmda við byggingu álvers Fjarðaáls og Kárahnjúkavirkjunar. Markmið verkefnisins var að styðja hugmyndafræði um sjálfbæra þróun og taka tillit til umhverfis, efnahags og félagslegra þátta. (af sjalfbaerni.is)<sup>3</sup> Framkvæmdirnar voru umdeildar á sínum tíma og eru það enn þann dag í dag. Sérstaklega voru umhverfismál ofarlega í umræðunni og nýting á náttúruauðlindum. Víðtækt samráð var haft við samfélagið við upphaf verkefnisins. Haldnir voru fjórir samráðsfundir á tímabilinu júní 2004 til júní 2010. Með samráðsfundunum var leitað eftir því að taka til greina sjónarmið ýmsa aðila sem að kunna að tengjast framkvæmdunum á einhvern hátt.<sup>4</sup>

Eigendur verkefnisins eru Alcoa og Landsvirkjun. Verkefnið snýr að áhrifum einna umsvifamestu framkvæmda Íslandssögunar: álveri Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði og virkjun landsvirkjunar við Kárahnjúka, sem síðar fékk nafnið Fljótsdalsstöð. Virkjunin er öflugasta vatnsaflsstöð landsins og fer raforkan úr henni til álvers Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði.

Stýrihóp verkefnisins skipa fulltrúar frá: Alcoa Fjarðaáli, Landsvirkjun, Landvernd, Fjarðabyggð og Fljótsdalshéraði. Eigendur verkefnisins eiga hvor sinn fulltrúa í stýrihópnum. Landvernd sem eru frjáls félagsamtök sem starfa að umhverfismálum eiga sinn fulltrúa í stýrihópnum.

Árlega er haldinn ársfundur sjálfbærni-verkefnisins sem er öllum opin til þátttöku. Á ársfundi er farið yfir niðurstöður mælinga og önnur mál tekin fyrir. Ársfundurinn er opin og lýðræðislegur vettvangur fyrir hvern þann er vill kynna sér verkefnið og taka þátt í þeirri vinnu sem fer þar fram.

---

<sup>3</sup> Sjá nánar á sjalfbaerni.is , áhrif og ábyrgð. <http://www.sjalfbaerni.is/sjalfbaerniverkefnin/ahrif-og-abyrgd/>

<sup>4</sup> Hér má sjá skýrslu frá fjórða samráðsfundi sem haldinn var í júní 2010. Aftast má sjá þá sem tóku þátt á fundinum, bls 15-16. [http://www.sjalfbaerni.is/media/austurlandsverkefni/Samradshopur\\_4\\_fundur\\_AL-nidurstada-lokaeintak-2010-08-20.pdf](http://www.sjalfbaerni.is/media/austurlandsverkefni/Samradshopur_4_fundur_AL-nidurstada-lokaeintak-2010-08-20.pdf)

## 7. Skerpa á skilgreiningu á tilgangi og stefnumiðum lykilaðila.

Tilgangur og stefnumið lykilaðila.

Lykilaðilar eru: Landsvirkjun, Alcoa Fjarðaál, Fljótsdalshérað, Fjarðabyggð og Landvernd.

### Landsvirkjun

Landsvirkjun á og rekur Fljótsdalsstöð sem að sér Alcoa Fjarðaáli fyrir raforku.

- **Umhverfismál** (af vef Landsvirkjunar)

Landsvirkjun er leiðandi í nýtingu umhverfisvænna orkugjafa og er í fararbroddi á sviði umhverfismála. Fyrirtækið stuðlar að sjálfbærri þróun í samfélaginu.

- Landsvirkjun er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt alþjóðastaðlinum ISO 14001 og vinnur af ábyrgð að umhverfismálum.
- Landsvirkjun hefur skilgreint þýðingarmikla umhverfisþætti í starfsemi sinni og komið á verklagi við að vakta og stýra þeim.
- Þá hefur fyrirtækið skilgreint markmið í umhverfismálum um hvernig draga megi úr umhverfisáhrifum starfseminnar.
- Landsvirkjun gerir grein fyrir árangri sínum í umhverfismálum með umhverfisskýrslum.

- **Samfélagsverkefni** (af vef Landsvirkjunar)

Landsvirkjun leggur lið samfélagsmálefnum sem efla hag þeirra svæða þar sem fyrirtækið starfar. Í því skyni vill fyrirtækið eiga samstarf um verkefni þar sem hagsmunir samstarfsaðilanna og Landsvirkjunar fara saman og báðir leggja sitt af mörkum.

Sjálfbærni-verkefnið fellur undir umhverfis og samfélagsmál Landsvirkjunar. Markmið fyrirtækisins í umhverfismálum eiga að sjálfsögðu við Fljótsdalsstöð og eru mælingar Landsvirkjunar í umhverfismálum sem snúa að sjálfbærni-verkefninu birt undir „umhverfivísun“.

### **Alcoa Fjarðaál**

Alcoa Fjarðaál starfrækir álver í Reyðarfirði.

- **Samfélagsábyrgð** (af vef Alcoa)

Alcoa hefur á undanförunum árum unnið markvisst að því að laga starfsemi sína að hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar þar sem stefnt er að því að ná jafnvægi milli umhverfis, efnahags og samfélagslegra þátta til lengri tíma litið. Alcoa Fjarðaál leggur þess vegna megináherslu á að vera virkur þátttakandi í að byggja upp sjálfbært samfélag á Austurlandi til lengri tíma litið.

Liður í þessari viðleitni er sú stefna Alcoa Fjarðaáls að einbeita sér að álframleiðslu, en bjóða ýmsa stoðþjónustu út til annarra fyrirtækja og gera þeim þannig kleift að byggja upp starfsemi á Austurlandi.

## Stefna Alcoa Fjarðaáls í útboði á þjónustu

Hlutverk álvers Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði er að framleiða ál á hagkvæman, öruggan og umhverfisvænan hátt.

Stefna Fjarðaáls er að einbeita sér að þessari kjarnastarfsemi og láta öðrum fyrirtækjum eftir ýmsa stoðþjónustu sem tengist rekstrinum. Þannig hyggst fyrirtækið nýta þekkingu, reynslu og verkunnáttu sem önnur fyrirtæki búa yfir, jafnt á svæðinu sem á landinu öllu. Áhersla er lögð á að eiga viðskipti við þjónustuaðila sem hafa aðsetur í grennd við álverið, svo fremi þeir uppfylli þær kröfur sem gerðar eru vegna viðkomandi verks og teljist samkeppnishæfir í verði. Þannig er stefnan að stuðla að uppbyggingu fyrirtækja á Austurlandi, svo og vexti og viðgangi svæðisins í heild, og skapa um leið jákvæða samkeppni um vinnuafli á svæðinu.

### - Umhverfi (af vef Alcoa)

Áhersla Alcoa Fjarðaáls á að starfa í sátt við umhverfið er í samræmi við þá áherslu sem Alcoa leggur á umhverfismál um allan heim. Takmörkun neikvæðra umhverfisáhrifa, sjálfbær þróun og baráttan við loftslagsbreytingar eru þar í öndvegi.

Fjarðaál er eitt fullkomnasta álver í heimi og við mengunarvarnir er notuð besta fánlega tækni. Fullkominn þurrhrensibúnaður er í álverinu og hreinsar hann yfir 99,5% flúorefna úr útblæstrinum sem síðan eru endurnýtt við álframleiðsluna. Ekkert frárennsli er frá framleiðsluferlum álversins í sjó og stefnt er að því að enginn úrgangur fari til urðunar. Fyrirtækið stendur einnig fyrir viðamikilli vöktun á fjölmörgum umhverfispáttum í nágrenni álversins.

## Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað

Sveitarfélögin hýsa starfsemi Alcoa Fjarðaáls og Fljótsdalsstöðvar. Fyrirtækin greiða ýmis gjöld til sveitarfélagana og einnig eru umhverfisáhrif af starfseminni. Með virkri þátttöku í sjálfbærni- og umhverfismálum geta sveitarfélögin komið að ákvörðunartöku verkefnisins með beinum hætti. Sjálfbærni- og umhverfismál tengist beint yfirlýstum markmiðum fyrirtækjanna um að starfa í anda sjálfbærrar þróunar. Verkefnið hefur eftirlit með því og veitir aðhald að þeim loforðum fyrirtækjanna.

## Landvernd

Hlutverk Landverndar er að standa vörð um íslenska náttúru og vera virkur þátttakandi í stefnumótun, fræðslu og upplýstri ákvarðanatöku í málum er varða landnotkun, auðlindir og umhverfi.<sup>5</sup>

Umhverfismál spila stóran þátt í framkvæmdum og starfsemi Alcoa Fjarðaáls og LV á Austurlandi og því er aðkoma Landverndar mikilvæg. Líkt og með sveitarfélögin þá getur Landvernd komið að ákvörðunartöku verkefnisins með beinum hætti og fylgt þannig eftir yfirlýsingum fyrirtækjanna um að starfa í anda sjálfbærrar þróunar.

<sup>5</sup> Tekið af vef Landverndar. „Hvað er Landvernd?“

#### 4. Niðurlag

Úrvinnsla þessi er hluti af vinnuferli sem hófst með rýni Dr. Harðar Haraldssonar vorið 2012. Samþykki stýrihópur Sjálfbærni- og umhverfisráðs greinargerð þessa verður innihald hennar gert aðgengilegt á vefsíðunni sjalfbaerni.is. Efni greinargerðarinnar verður sett inn á vefinn svo það falli sem best að núverandi útliti og uppsetningu vefsíðunnar.